

Nd.

337. Nefndarálit

um frumvarp til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum
í Eyjafjarðarsýslu.

Frá meiri og minni hluta nefndarinnar.

Frumvarp þetta er fram komið, eftir óskum þeirra, er njóta eiga vaxtanna af gjafasjóði Jóns Sigurðssonar frá Bøggversstöðum, og miðar að því, að ætíð sje nægilegur kornforði innan hjeradsins til þess að girða fyrir bjargarskort, þótt hafis loki höfnum og samgöngur teppist mánuðum saman. Þessi aðaltilgangur frumvarpsins verður meiri hluti nefndarinnar að játa, að sje mjög heppilegur, og jafnvel sjálfsgður, þegar á það er litið, að með því einu móti, kemur sjóður þessi, eða vextir af honum að verulegum notum, verði svo til hagað, að árlega sje sjeð um, og það í tæka tíð, að kornforðabirgðir sjeu til taks, ef á þarf að halda, enda er það ljóst, að sú hefir verið tilætlun gefandans.

Með hagkvæmri tilhögun álitum vjer, að svo mætti tryggingunni fyrir koma, að árleg útgjöld af vöxtum sjóðsins í þessu augnamiði þyrftu ekki að verða tilfinnanleg, á þeim árum, sem engin almenn harðindi eða neyð ætti sjer stað.

Annað atriði, sem í frumvarpinu er lagt til að breytt sje, er það, að allar fjárveitingar af vöxtum sjóðsins, sem veittar eru í því skyni, að koma í veg fyrir harðæri, sjeu veittar að tilhlutun og eftir tillögum sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu og bæjarstjórnar Akureyrar, en yfirstjórn sjóðsins sje þó eftir sem áður í höndum sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og hjeraðsprófastsins.

Þar sem þessar breytingar virðast ekki að neinu leyti haggja við þeim tilgangi gefandans, að gjöfin komi »í veg fyrir almenn neyðartilfelli af harðæri, svo liggja við mannaða«¹, heldur miklu fremur sjeð um, að vilji gefandans geti orðið að framkvæmd, þá leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt, og orðist samkvæmt eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU

Í stað »árstekjunum« til enda frumvarpsins, komi: verja megi árstekjunum af gjafasjóðnum, eða nokkru af þeim til kornforðatryggingar í Eyjafjarðarsýslu og á Akureyri, eftir tillögum sýslunefndar og bæjarstjórnar, til að koma í veg fyrir þjargarskort í harðæri.

Neðri deild Alþingis, 9. ágúst 1913.

M. J. Kristjánsson,
(form.).

Stefán Stefánsson, Eyf.,
(skrifari og framsögumaður).

Kristinn Daníelsson.

Þorleifur Jónsson.

Frá minni hlutanum.

Minni hlutinn leggur til að frumvarp þetta verði felt af ástæðum þeim, er hjer skal greina:

1. Frumvarpið þykir riða í bága við síðasta vilja gefanda, sem kemur meðal annars í ljós af því, að í gjafabrjefinu er svo ákveðið, að »í góðum árum og á meðan engin almenn neyð ber til« skuli leggja vextina við höfuðstólinn, en samkvæmt frumvarpinu má — árlega — þá einnig í góðum árum — eyða óákveðinni upphæð af vöxtum sjóðsins eða jafnvel þeim öllum.

Minni hlutinn lítur svo á, að ekki beri, án knýjandi ástæða, að bregða út af ákvæðum gjafabrjefa, hvort heldur þessa brjefs eða annara.

2. Minni hlutinn aðhyllist þá meginreglu, að ekki sje kipt úr vexti sjóða að nauðsynjalausu, en þeir látnir hækka, þar sem þess er kostur, svo þeir síðar meir geti orðið landinu að *verulegum* notum.

3. Ef yfirleitt er talið þurfa að breyta fyrirkomulagi sjóðsins, þykir eðlilegast, að hin umboðslega leið sje farin.

Alþingi, 8. ágúst 1913.

G. Eggerz.